

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2010/48/ESB

2012/EES/19/07

frá 5. júlí 2010

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB frá 6. maí 2009  
um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-  
sambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/  
EB frá 6. maí 2009 um prófanir á aksturshæfni vélknúinna  
ökutækja og eftirvagna þeirra <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 6 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilliti til umferðaröryggis, umhverfisverndar og sanngjarnrar samkeppni er mikilvægt að tryggja að ökutækjum í notkun sé viðhaldið og þau prófuð á tilhlýðilegan hátt, í því skyni að viðhalda frammistöðu þeirra eins og hún er tryggð í gerðarviðurkenningu, án þess að hún versni óhóflega, á endingartíma þeirra.
- 2) Staðlar og aðferðir, sem um getur í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2009/40/EB skulu nánar skilgreindar og lagaðar að tækniframförum í því skyni að bæta prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja í Evrópusambandinu á kostnaðarhagkvæman hátt.
- 3) Taka skal tillit til niðurstaðna tveggja verkefna, Autofore <sup>(2)</sup> og Idelsy <sup>(3)</sup> sem nýlega fjölluðu um framtíðarmöguleika fyrir prófanir á aksturshæfni og niðurstaðna opinna og málefnalegra skoðanaskipta við hagsmunaaðila.
- 4) Núverandi staða í tækni ökutækja krefst þess að nútíma rafeindakerfi séu höfð með á skrá yfir atriði sem ber að prófa.
- 5) Í því skyni að ná fram frekari samhæfingu á prófunum á aksturshæfni skal innleiða prófunaraðferð fyrir sérhvert prófunaratriði.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 47. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 28.7.2011, bls. 15.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Autofore rannsóknin á framtíðarmöguleikum á eftirliti með aksturshæfni í Evrópusambandinu (Autofore study on the Future Options for Roadworthiness Enforcement in the European Union), [http://ec.europa.eu/transport/roadsafety/publications/projectfiles/autofore\\_en.htm](http://ec.europa.eu/transport/roadsafety/publications/projectfiles/autofore_en.htm)

<sup>(3)</sup> IDELSY framtaksverkefnið um greiningu á rafrænum kerfum í vélknúnum ökutækjum við reglubundna tækniskoðun (Initiative for Diagnosis of Electronic Systems in Motor Vehicles for PTI), [http://ec.europa.eu/transport/roadsafety/publications/projectfiles/idelsy\\_en.htm](http://ec.europa.eu/transport/roadsafety/publications/projectfiles/idelsy_en.htm)

6) Til að auðvelda frekari samhæfingu og tryggja samræmi staðla skal nú fylgja skrá, sem er ekki tæmandi, yfir helstu ástæður bilana, eins og er nú þegar til fyrir hemlakerfi, fyrir öll prófunaratriði.

7) Prófanir á aksturshæfni skulu taka til allra atriða sem skipta máli fyrir sértæka hönnun, smíði og búnað ökutækisins sem prófað er. Því skal bæta við sértækum kröfum fyrir tiltekna ökutækjaflokka ef nauðsyn krefur.

8) Aðildarríkin hafa bætt við öðrum flokkum ökutækja sem eru skylduð til að gangast undir reglubundnar prófanir samkvæmt e-lið 5. gr. tilskipunar 2009/40/EB. Í þeim tilgangi að samræma frekar prófanir skal aðferðum og stöðlum fyrir þessa flokka ökutækja bætt við. Prófanir skulu gerðar með aðferðum og búnaði sem nú þegar er völ á og án þess að verkfæri séu notuð til að taka í sundur eða fjarlægja nokkurn hluta ökutækisins.

9) Til viðbótar við þau atriði sem tengjast öryggi, vernd og umhverfisvernd verður prófunin líka að taka til auðkenningar ökutækisins til að tryggja að réttu eftirliti og stöðlum sé beitt og til að gera kleift að skrá niðurstöður prófunarinnar og framfylgja öðrum lagaskilyrðum.

10) Til að greiða fyrir starfsemi innri markaðarins og til að bæta aðferðir við prófanir á aksturshæfni skulu niðurstöður prófunar settar fram í skirteini um aksturshæfni sem nær yfir tiltekna meginþætti.

11) Frekari vinna þarf að fara fram við þróun annarra prófunaraðferða til að kanna viðhaldsástand dísilknúinna ökutækja, einkum að því er varðar NO<sub>x</sub> og agnir með tilliti til nýrra eftirmeðferðarkerfa fyrir losun.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum á tilskipuninni um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að tækniframförum sem komið var á fót með 7. gr. tilskipunar 2009/40/EB.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2009/40/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2011, að undanskildum ákvæðum 3. gr. í II. viðauka sem gilda frá og með 31. desember 2013. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. júlí 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

*forseti*

José Manuel BARROSO

## VIÐAUKI

Í stað II. viðauka við tilskipun 2009/40/EB komi eftirfarandi:

## „II. VIÐAUKI

## ATRÍÐI SEM SKYLDUBUNDIÐ ER AÐ PRÓFA

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur
2. Umfang skoðunarinnar
3. Skírteini um aksturshæfni
4. Lágmarkskröfur um eftirlit
  0. Auðkenni ökutækisins
    1. Hemlabúnaður
    2. Stýrisbúnaður
    3. Útsýn
    4. Ljósker, glitaugu og rafbúnaður
    5. Ásar, hjól, hjólbarðar, fjöðrun
    6. Undirvagn og viðfestur búnaður
    7. Annar búnaður
    8. Óþægindi
    9. Viðbótarprófanir fyrir ökutæki til farþegaflutninga M2, M3
1. INNGANGUR

Í þessum viðauka eru kerfi og ihlutir ökutækja sem á að prófa auðkennd, gefnar eru upplýsingar um aðferðir við prófanir og viðmiðanir sem nota skal við að ákvarða hvort ástand ökutækisins sé viðunandi.

Finnist einver bilun í prófunaratriðunum hér á eftir skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum setja reglur um þau skilyrði sem sett eru fyrir akstri ökutækisins þar til önnur aksturshæfnisprófun fer fram.

Prófunin skal ná a.m.k. til eftirtalinna atriða, að því tilskildu að um sé að ræða búnað fyrir það ökutæki sem verið er að prófa í viðkomandi aðildarríki.

Prófanir skulu gerðar með aðferðum og búnaði sem er nú þegar til staðar án þess að verkfæri séu notuð til að taka í sundur eða fjarlægja nokkurn hluta ökutækisins.

Öll atriðin sem tilgreind eru skulu teljast skyldubundin við reglubundnar prófanir á ökutækjum, nema þau sem merkt eru með (X), sem tengjast ástandi ökutækisins og nothæfi þess á vegum en sem teljast ekki mikilvæg við reglubundnar prófanir.

„Athugasemdir“ gilda ekki í tilvikum þar sem þær vísa til krafna sem ekki er mælt fyrir um í viðkomandi löggjöf um viðurkenningu ökutækis þegar það var fyrst skráð, tekið í notkun eða kröfum um ísetningu endurbótarhlutar.

Ef uppgefin skoðunaraðferð er sjónræn þýðir það að auk þess að horfa á atriðin skal skoðunarmaður, ef við á, einnig taka á þeim, meta hávaða eða nota aðrar viðeigandi skoðunaraðferðir án þess að nota neinn búnað.

## 2. UMFANG SKOÐUNARINNAR

Skoðunin skal ná a.m.k. til eftirtalinna atriða, að því tilskildu að um sé að ræða búnað sem hefur verið settur upp í því ökutæki sem verið er að prófa.

- 0) Auðkenning ökutækisins,
  - 1) Hemlabúnaður,
  - 2) Stýrisbúnaður,

- 3) Útsýn,
- 4) Ljósabúnaður og hlutar rafkerfis,
- 5) Ásar, hjól, hjólbarðar, fjöðrun,
- 6) Undirvagn og viðfestur búnaður,
- 7) Annar búnaður,
- 8) Óþægindi,
- 9) Viðbótarprófanir fyrir ökutæki til farþegaflutninga M2 og M3

### 3. SKÍRTEINI UM AKSTURSHÆFNI

Tilkynna skal stjórnanda eða ökumanni ökutækis skriflega um ágallana, niðurstöðu prófunarinnar og réttaráhrif.

Skírteini um aksturshæfni sem gefin eru út vegna skyldu- og reglubundinna prófana á ökutækjum skulu a.m.k. ná yfir eftirfarandi atriði:

- 1) verksmiðjunúmer ökutækis
- 2) númer skráningarmerkis og tákn skráningarríkis
- 3) stað og dagsetningu prófunarinnar
- 4) stöðu kílómetramælis þegar prófun fór fram ef hún er tiltæk
- 5) flokk ökutækis ef hann er tiltækur
- 6) ágalla sem finnast (mælt er með því að fylgja talnaröðinni í 5. mgr. þessa viðauka) og flokk þeirra
- 7) heildarmat á ökutækinu
- 8) dagsetningu næstu reglubundinnar prófunar (ef þessar upplýsingar eru ekki veittar með öðrum hætti)
- 9) heiti skoðunarfyrtækis og undirritun eða auðkenni skoðunarmannsins sem ber ábyrgð á prófuninni

### 4. LÁGMARKSKRÖFUR UM EFTIRLIT

Skoðunin skal hið minnsta ná yfir atriðin og nota lágmarksstaðla og aðferðir sem getið er hér á eftir. Í athugasemdum eru dæmi um ágalla sem geta fundist.

Atriði	Aðferð	Athugasemdir
<b>0. AUÐKENNING ÖKUTÆKISINS</b>		
0.1. Skráningarmerki (ef gerð er krafa um slíkt)(*)	Sjónræn skoðun.	a) Númeraplötur vantar eða eru festar á svo ótryggan hátt að þær geta dottið af. b) Áletrun vantar eða er ólæsileg. c) Ekki í samræmi við skjöl eða skrár ökutækis.
0.2. Verksmiðjunúmer/raðnúmer ökutækis	Sjónræn skoðun.	a) Vantar eða finnst ekki. b) Ófullnægjandi, ólæsilegt. c) Ekki í samræmi við skjöl eða skrár ökutækis.

Atriði	Aðferð	Athugasemdir
<b>1. HEMLABÚNAÐUR</b>		
1.1. Vélrænt ástand og virkni		
1.1.1. Snúningsteinn aksturshemils-fetils/handfangs	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað. <i>Athugasemd:</i> Ökutæki með hemlakerfi með hjálparafli skulu skoðuð þegar slökkt er á hreyflinum.	a) Snúningsteinn of stífur. b) Of mikið slit/hlaup.
1.1.2. Ástand handfangs/fetils og færsla hemlastjórnbúnaðar	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað. <i>Athugasemd:</i> Ökutæki með hemlakerfi með hjálparafli skulu skoðuð þegar slökkt er á hreyflinum.	a) Of mikil eða lítil umframfærsla. b) Hemlastjórnbúnaðurinn sleppir ekki á réttan hátt. c) Hrjúft yfirborð á hemlafetli vantar, er laust eða orðið slétt af sliti.
1.1.3. Sogdæla eða þjappa og geymar	Sjónræn skoðun íhluta við venjulegan vinnuþrýsting. Skoða hversu langan tíma tekur fyrir lofttæmi eða loftþrýsting að ná öruggu vinnslugildi og virkni viðvörunarbúnaðar, fjölrása varloka og þrýstiöryggisloka.	a) Ónógur loftþrýstingur/ lofttæmi til að beita hemlinum a.m.k. tvisvar eftir að viðvörunarbúnaður hefur farið í gang (eða mælir sýnir að hættumörkum er náð). b) Tíminn sem það tekur að ná upp loftþrýstingi/lofttæmi að öruggu vinnslugildi er ekki í samræmi við kröfur(*). c) Fjölrása varloki eða þrýstiöryggisloki virka ekki. d) Loftleki veldur sýnilegu þrýstingsfalli eða loft heyrist streyma út.. e) Skemmdir á ytra byrði eru líklegar til að hafa áhrif á virkni hemlakerfisins.
1.1.4. Viðvörunarbúnaður eða mælir sem gefur til kynna of lágan þrýsting	Athugun á virkni.	Bilaður eða gallaður mælir eða vísir.
1.1.5. Handvirkur hemlastjórnlöki	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Brotinn, skemmdur eða mikið slitinn stjórnbúnaður. b) Stjórnbúnaður er ekki nógu vel festur við lokann eða lokinn er laus. c) Tengingar eru lausar eða leki í kerfinu. d) Ónóg virkni.
1.1.6. Stöðuhemils-handfang eða -fetill, stöðuhemils-armur, stöðuhemilshak, rafrænn stöðuhemill	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Hak heldur ekki nægilega vel. b) Of mikið slit á snúningsteini eða tannkambi. c) Of mikil færsla á stöðuhemilsarmi sem bendir til rangrar stillingar. d) Búnað vantar, hann er skemmdur eða óvirkur. e) Röng virkni, viðvörunarbúnaður sýnir bilun.

Atriði	Aðferð	Athugasemdir
1.1.7. Lokar (hemlalokar, stjórnlokar, stillar)	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Skaddaðir lokar eða of mikið loftústreymi.</li> <li>b) Of mikil olíueyðsla í þjöppunni.</li> <li>c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á loka.</li> <li>d) Vökvakerfissvökvi lekur.</li> </ul>
1.1.8. Tengingar fyrir hemla eftirvagna (raf- og loftknúna)	Tengingar hemlakerfis á milli dráttarþreifðar og eftirvagns aftengdar og tengdar.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Bilaður krani eða sjálflokandi loki.</li> <li>b) Ótrygg/ófullnægjandi festing á krana eða loka.</li> <li>c) Of mikill leki.</li> <li>d) Röng virkni.</li> </ul>
1.1.9. Orkugeymir eða þrýstiloftsgeymir	Sjónræn skoðun.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Geymir skaddaður, ryðgaður eða lekur.</li> <li>b) Afrennslisbúnaður er óvirkur.</li> <li>c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á geymi.</li> </ul>
1.1.10. Hemlaafliði, höfuðdæla (vökvakerfi)	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Bilaður eða óvirkur afliði.</li> <li>b) Höfuðdælan er biluð eða lek.</li> <li>c) Höfuðdælan er ekki nægilega vel fest.</li> <li>d) Hemlavökvi er ekki nægur.</li> <li>e) Lok á höfuðdælu vantar.</li> <li>f) Gaumljós fyrir hemlavökva logar eða er bilað.</li> <li>g) Viðvörðunarbúnaður fyrir hemlavökva virkar ekki rétt.</li> </ul>
1.1.11. Hemlarör	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Yfirvofandi hætta á bilun eða broti.</li> <li>b) Leki frá rörum eða tengingum.</li> <li>c) Rör skemmd eða mikið ryðguð.</li> <li>d) Rangar tengingar á rörum.</li> </ul>
1.1.12. Hemlasköngur	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Yfirvofandi hætta á bilun eða broti.</li> <li>b) Sköngur eru skemmdar, slitnar, snúnar eða of stuttar.</li> <li>c) Leki frá sköngum eða tengingum.</li> <li>d) Sköngur þenjast út undir þrýstingi.</li> <li>e) Sköngur eru gropnar.</li> </ul>
1.1.13. Hemlaborðar og hemlaklossar	Sjónræn skoðun.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Mikið slit á borða eða klossum.</li> <li>b) Óhreinindi á borða eða klossum (olía, feiti o.s.frv.).</li> <li>c) Borða eða klossa vantar.</li> </ul>
1.1.14. Hemlaskálar, hemladiskar	Sjónræn skoðun.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Mikið slit eða rispur, sprungur, brot eða lélegar festingar í skálum og diskum.</li> </ul>

Atriði	Aðferð	Athugasemdir
		<ul style="list-style-type: none"> <li>b) Óhreinindi á skálum eða diskum (olía, feiti o.s.frv.).</li> <li>c) Skálar eða diska vantar.</li> <li>d) Festingarplata er laus.</li> </ul>
1.1.15. Hemlaleiðslur, stangir, armar, tengingar	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Leiðslur eru skemmdar eða með ójöfnum.</li> <li>b) Íhlutur er mikið slitinn eða ryðgaður.</li> <li>c) Tengingar við leiðslur eða stangir eru ótryggar.</li> <li>d) Bilun í leiðslustýringum.</li> <li>e) Stírðleiki í hemlakerfinu.</li> <li>f) Óeðlileg hreyfing á örmum eða tengingum sem bendir til rangrar stillingar eða slits.</li> </ul>
1.1.16. Hemlastrokkar (m.a. gorm-hemlar eða vökvastrokkar)	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Strokkar brotnir eða skemmdir.</li> <li>b) Strokkar lekir.</li> <li>c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á strokkum.</li> <li>d) Strokkar mikið ryðgaðir.</li> <li>e) Of lítil eða of mikil færsla á bullu eða blöðku.</li> <li>f) Rykvarnarhlíf vantar eða hún er mikið skemmd.</li> </ul>
1.1.17. Hleðslustýrður hemlajöfnunarloki	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Biluð tenging.</li> <li>b) Röng stilling tengingar.</li> <li>c) Loki fastur eða virkar ekki.</li> <li>d) Loka vantar.</li> <li>e) Gagnaplötu vantar.</li> <li>f) Gögn eru ólæsileg eða ekki í samræmi við kröfur <sup>(*)</sup>.</li> </ul>
1.1.18. Stillibúnaður og -vísar	Sjónræn skoðun.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Stillibúnaður skemmdur, fastur eða hreyfist óeðlilega, slit eða röng stilling.</li> <li>b) Stillibúnaður bilaður.</li> <li>c) Rangt uppsettur eða skipt út.</li> </ul>
1.1.19. Hamlarakerfi (ef það er til staðar eða þess er krafist)	Sjónræn skoðun.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Ótryggar tengingar eða festingar.</li> <li>b) Kerfi augljóslega bilað eða það vantar.</li> </ul>
1.1.20. Sjálfvirk beiting hemla eftirvagna	Hemlatengi á milli dráttarþreifreiðar og eftirvagns aftengt.	Hemlar eftirvagns eru ekki sjálfkrafa virkjaðir þegar tengið er aftengt.
1.1.21. Hemlakerfi í heild	Sjónræn skoðun.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Skemmdir að utan eða mikið ryð í öðrum kerfisbúnaði (t.d. dælu fyrir ísvara, loftþurrkunartæki o.s.frv.) sem hafa skaðleg áhrif á hemlakerfið.</li> <li>b) Loft eða ísvari leka.</li> </ul>

Atriði	Aðferð	Athugasemdir
		<p>c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á íhlutum.</p> <p>d) Röng viðgerð eða breytingar á einhverjum íhlut (!).</p>
1.1.22. Prófunartengi (ef þau eru uppsett eða þeirra krafist)	Sjónræn skoðun.	<p>a) Vantar.</p> <p>b) Sködduð, ónothæf eða lek.</p>

## 1.2. Afköst og skilvirkni aksturshemils

1.2.1. Afköst	Meðan á prófun á kyrrstæðri hemlaprófunarvél stendur eða, ef það er ekki hægt, prófun á vegi, er hemlum beitt með stigvaxandi hætti þar til hámarksátaki er náð.	<p>a) Ófullnægjandi hemlunaráttak á einu eða fleiri hjólum.</p> <p>b) Hemlunaráttak á einhverju hjóli er undir 70% af hámarksátaki sem er skráð á hinu hjólinu á sama ási. Eða, við prófun á vegi vikur ökutækið verulega frá beinni stefnu.</p> <p>c) Hemlaáttak eykst ekki jafnt (tekur skarpt í).</p> <p>d) Hemlunartími er óeðlilega langur á einhverju hjóli.</p> <p>e) Miklar sveiflur í hemlunaráttaki í hverjum heilum snúningi hjólsins.</p>
1.2.2. Skilvirkni	<p>Prófun með kyrrstæðri hemlaprófunarvél eða, ef það er ekki hægt af tæknilegum ástæðum, prófun á vegi með hraðaminnkunarmæli sem skráir niðurstöður. Ökutæki eða eftirvagn með leyfilegan hámarks massa yfir 3500 kg skal skoða í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í ISO-staðli 21069 eða jafngildar aðferðir.</p> <p>Prófanir á vegi skulu gerðar við þurr skilyrði á sléttum, beinum vegi.</p>	<p>Gefur ekki a.m.k. eftirfarandi lágmarkstölur.</p> <p>Ökutæki sem skráð eru í fyrsta skipti eftir gildistöku þessarar tilskipunar:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– Flokkur N1: 50 %,</li> <li>– Flokkur M1: 58 %,</li> <li>– Flokkar M2 og M3: 50 %,</li> <li>– Flokkar N3 og N3: 50 %,</li> <li>– Flokkar O2 (XX)<sup>(c)</sup>, O3 og O4: <ul style="list-style-type: none"> <li>– fyrir festivagna: 45 %</li> <li>– fyrir tengivagna: 50 %</li> </ul> </li> </ul> <p>Ökutæki sem skráð eru fyrir gildistöku þessarar tilskipunar:</p> <p>Flokkur N1: 45 %</p> <p>Flokkar M1, M2 og M3: 50 %<sup>(2)</sup></p> <p>Flokkar N3 og N3: 43 %<sup>(3)</sup></p> <p>Flokkar O2 (XX)<sup>(c)</sup>, O3 og O4: 40 %<sup>(4)</sup></p> <p>Aðrir flokkar (XX)<sup>(c)</sup>.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– Flokkur L (báðir hemlar): <ul style="list-style-type: none"> <li>– Flokkur L1e: 42 %</li> <li>– Flokkur L2e, L6e: 40 %</li> <li>– Flokkur L3e: 50 %</li> <li>– Flokkur L4e: 46 %</li> <li>– Flokkur L5e, L7e: 44 %</li> </ul> </li> <li>– Flokkur L (hemlar á afturhjólum):</li> <li>– allir flokkar: 25 %</li> </ul>

Atriði	Aðferð	Athugasemdir
1.3. Afköst og skilvirkni neyðarhemils (ef um sérstakt kerfi er að ræða)		
1.3.1. Afköst	Ef neyðarhemlakerfi er aðskilið frá aksturshemlakerfi skal nota aðferðina sem tilgreind er í lið 1.2.1.	<p>a) Ófullnægjandi hemlunaráttak á einu eða fleiri hjólum.</p> <p>b) Hemlunaráttak á einhverju hjóli er undir 70 % af hámarksátaki sem er skráð á öðru hjóli á sama tilgreinda ási. Eða, við prófun á vegi vikur ökutækið verulega frá beinni stefnu.</p> <p>c) Hemlaáttak eykst ekki jafnt (tekur skarpt í).</p>
1.3.2. Skilvirkni	Ef neyðarhemlakerfi er aðskilið frá aksturshemlakerfi skal nota aðferðina sem tilgreind er í lið 1.2.2.	Hemlunaráttak er minna en 50 % (°) af afköstum aksturshemils samkvæmt skilgreiningu í lið 1.2.2 miðað við leyfilegan hámarks massa eða, ef um er að ræða festivagna, summu leyfilegrar áshleðslu (að undanskildum L1e og L3e).
1.4. Afköst og skilvirkni stöðuhemils		
1.4.1. Afköst	Hemlum er beitt meðan á prófun á kyrrstæðri hemlaprófunarvél stendur og/eða prófun á vegi með hraðaminnkunarmæli.	Hemlar eru óvirkir öðru megin eða ökutækið vikur verulega frá beinni stefnu við prófun á vegi.
1.4.2. Skilvirkni	Prófun með kyrrstæðri hemlaprófunarvél eða prófun á vegi með hraðaminnkunarmæli sem skráir niðurstöður eða með álestri eða með ökutækið í halla með þekktri hallatölu. Vörubifreiðar skulu, ef hægt er, vera prófaðar með hleðslu.	Hemlunarhlutfall er ekki, fyrir öll ökutæki, minnst 16% miðað við leyfilegan hámarks massa eða, fyrir vélknúin ökutæki, minnst 12% miðað við leyfilegan samanlagðan hámarks massa ökutækis, hvort sem reynist herra (að undanskildum L1e og L3e).
1.5. Afköst hamlarakerfis	Sjónræn skoðun og, ef hægt er, prófun á því hvort kerfið virki.	<p>a) Áttak eykst ekki jafnt (á ekki við um útblásturshemlakerfi).</p> <p>b) Kerfi virkar ekki.</p>
1.6. Læsivarið hemlakerfi (ABS)	Sjónræn skoðun og skoðun á viðvörunarbúnaði.	<p>a) Viðvörunarbúnaður bilaður.</p> <p>b) Viðvörunarbúnaður sýnir bilun í kerfi.</p> <p>c) Hraðaskynjara við hjól vantar eða hann er skemmdur.</p> <p>d) Leiðslur skemmdar.</p> <p>e) Aðra íhluti vantar eða þeir eru skemmdir.</p>
1.7. Rafrænt hemlakerfi (EBS)	Sjónræn skoðun á viðvörunarbúnaði.	<p>a) Viðvörunarbúnaður bilaður.</p> <p>b) Viðvörunarbúnaður sýnir bilun í kerfi.</p>

Atriði	Aðferð	Athugasemdir
<b>2. STÝRISBÚNAÐUR</b>		
<b>2.1. Vélrænt ástand</b>		
2.1.1. Ástand stýrisvélar	Með ökutækið yfir gryfju eða á lyftubúnaði og með hjólin á lofti eða á snúningsborði er stýrishjólí snúið borð í borð. Sjónræn skoðun á virkni stýrisvélar.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Stírðleiki þegar stýrisvél er snúið.</li> <li>b) Sektorsás undinn eða ríflur slitnar.</li> <li>c) Sektorsás mikið slitinn.</li> <li>d) Mikil hreyfing á sektorsás.</li> <li>e) Leki.</li> </ul>
2.1.2. Festing stýrisvélar	Með ökutæki yfir gryfju eða í lyftubúnaði og með þyngd hjóla ökutækisins á jörðu niðri, er stýri snúið réttisælis og rangsælis eða sérstaklega útbúinn skynjari fyrir hlaup í stýri notaður. Sjónræn skoðun á festingu stýrisvélar við undirvagninn.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Stýrisvél ekki fest á tilhlýðilegan hátt.</li> <li>b) Aflöng festingargöt á undirvagni.</li> <li>c) Bolta til að festa með vantar eða þeir eru brotnir.</li> <li>d) Stýrisvél brotin.</li> </ul>
2.1.3. Ástand stýris-tengibúnaðar	Með ökutæki yfir gryfju eða á lyftubúnaði og með hjólin á jörðu, er stýri ruggað réttisælis og rangsælis eða sérstaklega útbúinn skynjari fyrir hlaup í stýri notaður. Sjónræn skoðun á íhlutum stýris með tilliti til slits, brota og öryggis.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Hreyfing á milli íhluta sem eiga að vera fastir.</li> <li>b) Of mikið slit við tengingar.</li> <li>c) Brot eða aflögun íhluta.</li> <li>d) Læsibúnaður ekki fyrir hendi.</li> <li>e) Íhlutir færast til (t.d. millistöng eða togstöng).</li> <li>f) Röng viðgerð eða breytingar.</li> <li>g) Rykvarnarhlíf vantar eða hún er skemmd eða verulega slitinn.</li> </ul>
2.1.4. Virkni stýristanga og arma	Með ökutækið yfir gryfju eða á lyftubúnaði og með hjólin á jörðu og hreyfilinn í gangi (aflstýri) er stýrishjólí snúið borð í borð. Sjónræn skoðun á hreyfingu stýrisstanga og arma.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Stýrisstangir eða armar rekast utan í undirvagninn við færslu.</li> <li>b) Stýrisstopp óvirk eða vantar.</li> </ul>
2.1.5. Aflstýrisbúnaður	Kanna hvort stýrisbúnaður leki og vökvamagn í hringrásargeymi vökvakerfis (ef sýnilegt). Með hjólin á jörðu og hreyfilinn í gangi skal athuga hvort aflstýrisbúnaður sé virkur.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Vökvaleki.</li> <li>b) Vökvi er ekki nægur.</li> <li>c) Búnaður virkar ekki.</li> <li>d) Búnaður brotinn eða ótryggur.</li> <li>e) Íhlutir færast til eða krækjast í.</li> <li>f) Röng viðgerð eða breytingar.</li> <li>g) Kaplar/slöngur skemmdar, mikið tærðar.</li> </ul>
<b>2.2. Stýrishjól, stýrisstöng og stýri</b>		
2.2.1. Ástand stýris	Með hjólin á jörðu er stýri ruggað til hliðar í niútu gráðu horn á stöngina og þrýst lítilliga upp eða niður. Sjónræn skoðun á hlaupi.	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Hreyfing á milli stýris og stangar sem gefur til kynna los.</li> <li>b) Viðhaldsbúnað vantar á stýrisnaf</li> <li>c) Stýrisnaf, brún eða teinar brotnir</li> </ul>

Atriði	Aðferð	Athugasemdir
2.2.2. Stýrisstóng/klafar og gafflar	Með ökutækið yfir gryfju eða á lyftubúnaði og massa ökutækisins á jörðinni, er ýtt og togað í stýrishjólíð í stefnu súlnnar, ýtt á stýrið í mismunandi áttir hornrétt á súluna/gafflana. Sjónræn skoðun á hlaupi, og ástandi mjúkra liða eða hjöruliða.	a) Mikil hreyfing á miðju stýrishjóls upp eða niður. b) Mikil hreyfing á efsta hluta súlu í geisla út frá ás súlnnar. c) Slit í mjúkum liðum. d) Festing biluð. e) Röng viðgerð eða breytingar.
2.3. Hlaup í stýri	Með ökutækið yfir gryfju eða á lyftubúnaði, massa ökutækisins á hjólunum, hreyfilinn í gangi í ökutækjum með aflstýrisbúnaði og með hjólin vísandi beint fram er stýrinu snúið létt réttisælis og rangsælis eins langt og hægt er án þess að hreyfa veggjólín. Sjónræn skoðun á hreyfingu.	Mikið hlaup í stýri (t.d. ef punktur á brúninni hreyfist meira en einn fimmta af þvermáli stýrishjólsins eða ekki í samræmi við kröfunar) <sup>(a)</sup> .
2.4. Hjólastaða (x) <sup>(b)</sup>	Staða stýrðra hjóla yfirfarin með viðeigandi búnaði.	Staða ekki í samræmi við gögn framleiðanda ökutækisins eða kröfur <sup>(a)</sup> .
2.5. Stýriás snúningsskífu eftirvagns	Sjónræn skoðun eða skoðun með sérstaklega útbúnum skynjara fyrir hlaup í hjólum.	a) Íhlutur skemmdur eða sprunginn. b) Of mikið hlaup. c) Festing biluð.
2.6. Rafknúinn aflstýrisbúnaður	Sjónræn skoðun og eftirlit með samkvæmni á milli stefnu stýrishjóls og stefnu hjólanna þegar slökkt/kveikt er á hreyflinum.	a) Gaumljós bilanavísir fyrir rafknúinn aflstýrisbúnað gefur til kynna hvers kyns bilun í kerfinu. b) Ósamræmi á milli stefnu stýrishjóls og stefnu hjólanna. c) Hjálparafl virkar ekki.

### 3. ÚTSÝN

3.1. Sjónsvið	Sjónræn skoðun úr ökumannssæti.	Skerðing á sjónsviði ökumanns sem hefur áhrif á útsýn hans fram á við eða til hliða.
3.2. Ástand glerja	Sjónræn skoðun.	a) Sprungið eða upplitað gler eða gagnsæ klæðning (ef það er leyft). b) Gler eða gagnsæ klæðning (þ.m.t. speglandi eða lituð filma) sem samræmist ekki forskriftum í kröfunum <sup>(a)</sup> (XX) <sup>(c)</sup> . c) Gler eða gagnsæ klæðning er í óviðunandi ástandi.
3.3. Baksýnispeglar eða -búnaður	Sjónræn skoðun.	a) Spegil eða búnað vantar eða hann ekki settur upp samkvæmt kröfum <sup>(a)</sup> . b) Spegill eða búnaður óvirkur, skemmdur, laus eða ótryggur.

Atriði	Aðferð	Athugasemdir
3.4. Framrúðupurrkur	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Þurrkur óvirkar eða þær vantar. b) Þurrkublað vantar eða er augljóslega bilað.
3.5. Framrúðusprautur	Sjónræn skoðun og við notkun.	Sprautur vinna ekki með fullnægjandi hætti.
3.6 Móðuhreinsunarkerfi (X) <sup>(b)</sup>	Sjónræn skoðun og við notkun.	Kerfi óvirkt eða er augljóslega bilað.

#### 4. LJÓSKER, GLITAUGU OG RAFBÚNAÐUR

##### 4.1. Aðalljósker

4.1.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljós/ljósgefandi biluð eða vantar. b) Vörpunarkerfi bilað eða vantar (endurkastari og gler). c) Ljósker ekki fest á öruggan hátt.
4.1.2. Stilling	Lárétt mið hvors aðalljóska fyrir sig með lágum geisla ákvarðað með miðunarbúnaði eða skerm.	Mið aðalljóska er ekki innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í kröfunum <sup>(a)</sup> .
4.1.3. Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur <sup>(a)</sup> (Fjöldi aðalljóska sem lýsa upp á sama tíma). b) Skert virkni stjórmbúnaðar.
4.1.4. Farið að kröfum <sup>(a)</sup>	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljóska, litur ljóss, staðsetning eða styrkleiki ekki í samræmi við kröfur <sup>(a)</sup> . b) Vörur á gleri eða ljósgefanda sem draga augljóslega úr styrkleika ljóssins eða breytir lit þess. c) Ljósgefandi og ljóska ekki samrýmanleg.
4.1.5. Hallastillingarbúnaður (ef hann er lögboðinn)	Sjónræn skoðun og við notkun ef hægt er.	a) Búnaður virkar ekki. b) Ekki er hægt að nota handvirkan búnað úr sæti ökumanns.
4.1.6. Hreinsunarbúnaður fyrir aðalljóska (ef hann er lögboðinn)	Sjónræn skoðun og við notkun ef hægt er.	Búnaður virkar ekki.

##### 4.2. Stöðuljóska að framan og aftan, hliðarljóska og breiddarljóska

4.2.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Bilaður ljósgefandi. b) Bilað gler. c) Ljóska ekki fest á öruggan hátt.
-------------------------	-------------------------------	--

Atriði	Aðferð	Athugasemdir
4.2.2. Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur <sup>(a)</sup> . b) Skert virkni stjórmbúnaðar.
4.2.3. Farið að kröfum <sup>(a)</sup>	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljóssker, litur ljóss, staðsetning eða styrkleiki ekki í samræmi við kröfur <sup>(a)</sup> . b) Vörur á gleri eða ljósgjafa sem draga úr styrkleika ljóssins eða breytir lit þess.

## 4.3. Hemlaljóssker

4.3.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Bilaður ljósgjafi. b) Bilað gler. c) Ljóssker ekki fest á öruggan hátt.
4.3.2. Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur <sup>(a)</sup> . b) Skert virkni stjórmbúnaðar.
4.3.3. Farið að kröfum <sup>(a)</sup>	Sjónræn skoðun og við notkun.	Ljóssker, litur ljóss, staðsetning eða styrkleiki ekki í samræmi við kröfur <sup>(a)</sup> .

## 4.4. Stefnuljós og hættuljóssker

4.4.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Bilaður ljósgjafi. b) Bilað gler. c) Ljóssker ekki fest á öruggan hátt.
4.4.2. Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun.	Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur <sup>(a)</sup> .
4.4.3. Farið að kröfum <sup>(a)</sup>	Sjónræn skoðun og við notkun.	Ljóssker, litur ljóss, staðsetning eða styrkleiki ekki í samræmi við kröfur <sup>(a)</sup> .
4.4.4. Blikktíðni	Sjónræn skoðun og við notkun.	Blikktíðni er ekki í samræmi við kröfur <sup>(a)</sup> .

## 4.5. Þokuljóssker að framan og aftan

4.5.1. Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Bilaður ljósgjafi. b) Bilað gler. c) Ljóssker ekki fest á öruggan hátt.
4.5.2. Stilling (X) <sup>(a)</sup>	Við notkun og með miðunarbúnaði fyrir aðalljóssker.	Þokuljóssker að framan utan við lárétta stillingu þegar ljóskeilan er með ljósmörk (cut-off line)

Atriði	Aðferð	Athugasemdir
4.5.3. Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun.	Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur <sup>(a)</sup> .
